

2

# JAFNRÉTTI KYNJJA

---





# JAFNRÉTTISRANNSÓKN

---

## Markmið

---

- + Að nemendur rýni í og ræði þær væntingar sem eru gerðar til þeirra út frá kyni þeirra og óskráðum reglum kynjakerfisins.
  - + Að nemendur komi sér saman um leiðir til að auka virðingu og umburðarlyndi fyrir hegðun utan hefðbundinna kynhlutverka.
- 

## Verkefnalýsing

Í þessu verkefni ætlum við að kanna stöðu jafnréttismála í kringum okkur og beina athyglinni að þeim **hefðbundnu kynhlutverkum** sem við ómeðvitað uppfylfum. Verkefni ykkar er að skoða töfluna og ræða saman í hóp eftirfarandi atriði. Gott er að einn í hópnum stýri umræðum og annar skrái niður umræðurnar.

---

## Fyrri hluti – Umræðuhópar

1. **Hver gerir hvað?** Hvaða atriði eru kynin líklegust til að gera í skólanum og utan skóla?
2. **Væntingar.** Farið yfir það sem hópurinn skráði og ræðið saman spurningarnar sem snúa að væntingum til hefðbundinna kynhlutverka.
3. **Breytingar.** Hópurinn ræðir hvort og hvernig megi rjúfa þessa hringrás.

## Seinni hluti – Jafnréttissáttmáli

4. **Viðbrögð.** Hver hópur kemur sér saman um 3-5 leiðir til að bregðast við og kynnir fyrir bekknum. Bekkurinn velur í sameiningu 4-6 atriði til að setja í sameiginlegan jafnréttissáttmála bekkjarins.
5. **Veggspjald.** Hver hópur fær eitt atriði úr sáttmálanum til að búa til lítið veggspjald fyrir.
6. **Sáttmáli.** Að endingu er fjölbreytilegur jafnréttissáttmáli bekkjarins hengdur upp á vegg í stofunni.

## Hver gerir hvað?

---

### Í skólanum

Fær skammir  
Fær hrós  
Fylgir fyrirmælum  
Hefur hátt  
Hefur lágt  
Mætir á réttum tíma  
Kemur oft seint  
Lærir heima  
Skemmir hluti  
Passar vel upp á hluti  
Fer eftir reglum  
Er skipulögð/skipulagður

### Utan skóla

Æfir dans  
Æfir fótbolta  
Æfir íshokki  
Spilar tölvuleiki  
Fer í verslunarmiðstöðina  
Hugsar um útlitið  
Er á samfélagsmiðlum  
Hefur áhuga á bílum  
Æfir söng  
Hefur áhuga á bakstri  
Hefur áhuga á íþróttum  
Hlustar á rapp

---

## Í skólanum

## Utan skóla

Nennir ekki að læra

Spilar á fiðlu

Sýnir reiði eða pirring

Notar naglalakk

Slæst við aðra

Fer oft á skíði

Leiðist að lesa

Talar við vini um líðan/tilfinningar

Er send/ur til skólastjóra

Kemur seint heim

Er hringt heim til vegna hegðunar

Kemur heim á réttum tíma

Horfir á raunveruleikabætti

Finnst bleik föt flott

---

## Væntingar

Er eitthvað sem er talið skrýtið eða asnalegt að strákar geri? Af hverju?

Er eitthvað sem er talið skrýtið eða asnalegt að stelpur geri? Af hverju?

Er eitthvað sem er talið skrýtið eða asnalegt að þeir sem skilgreina sig hvorki sem stelpur né stráka geri?

---

## Breytingar

Af hverju er þetta svona?

Viljum við breyta þessu? Getum við breytt þessu? Hvernig?

Hvað getum við gert til að fólk flæði meira á milli ólíkra kynhlutverka?

Hvernig getum við sem hópur aukið umburðarlyndi fyrir margbreytileikanum?

---

## Verkfæri

- + Blöð og skriffæri fyrir hópa í umræðu.
- + Karton, skæri og lím og/eða nettengdar tölvur fyrir veggspjaldagerð.

## Afurð

Veggspjald með jafnréttissáttmála bekkjarins.



## Viðmið um árangur

- + Ég geri mér grein fyrir stöðluðum kynhlutverkum í nærumhverfi mínu.
- + Ég geri mér grein fyrir því hvernig ég er þátttakandi í kynjakerfi sem samfélagið hefur komið sér upp.
- + Ég get lagt til leiðir til að vinda ofan af ójafnrétti sem stöðluð kynhlutverk skapa.

### Hópastærð

3-4 manna hópar

### Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar,  
upplýsinga- og tæknimennt.

### Tímarammi

4-6 kennslustundir

## Tilbrigði

- + Bættu inn í verkefnið fleiri sjónarhornum á jafnréttisumræðuna. T.d. kynjaða orðræðu, eittraða karlmennsku, kynfrelsi kvenna, #metoo.
- + Leyfðu hverjum og einum nemanda að búa til sína útgáfu af jafnréttissáttmálanum í hönnunarforriti að eigin vali.



# SEXHYRND HUGSUN UM JAFNRÉTTI

---

## Markmið

---

- + Að nemendur efli skilning sinn á hugtökum sem tengjast kvenréttindum og jafnrétti kynjanna.
  - + Að nemendur þjálfist í beitingu hugtaka og skilji samhengi milli þeirra.
- 

## Verkefnalýsing

Þið fáið útprentað blað sem er fullt af sexhyrningum. Í hverjum sexhyrningi er orð eða hugtak sem tengist kvenréttindum og jafnrétti kynjanna á einhvern hátt. Ræðið merkingu orðanna í sexhyrningunum og klippið þá út. Raðið sexhyrningunum upp þannig að milli hliðanna sem snertast séu einhvers konar tengsl eða samhengi sem þið komið auga á.

Veljið 4-6 samskeyti milli sexhyrninga og skrifið stutta skýringu á samhenginu eða tengslunum sem er milli þeirra orða og hugtaka sem þið röðuðuð saman.

Hengið verkefnið ykkar upp og sýnið öðrum í bekknum hvernig þið tengduð hugtökin og hvaða skýringar þið gerðuð á því. Skoðið hvað aðrir gerðu og fáið að heyra þeirra nálgun.

---

## Hafðu í huga

Það er engin ein rétt leið til að vinna þetta verkefni. Verkefnið snýst um að þið sýnið skilning á hugtökunum og getið rökstutt og útskýrt hvers vegna þið raðið hugtökunum saman.

## Verkfæri

- + Skæri, A3 blað, skriffæri og kennaratyggjó.

## Hafðu í huga

Það er engin ein rétt leið til að vinna þetta verkefni. Verkefnið snýst um að þið sýnið skilning á hugtökunum og getið rökstutt og útskýrt hvers vegna þið raðið hugtökunum saman.

## Viðmið um árangur

- 
- + Ég hef skilning á hugtökum sem tengjast kynjajafnrétti.
- 
- + Ég get sett ólík hugtök í samhengi og gert grein fyrir því hvernig þau tengjast.
- 

### Hópastærð

3-4 nemendur

### Námsgreinar

Íslenska (móðurmál),  
samfélagsgreinar.

### Tímarammi

2 kennslustundir

## Undirbúningur

Kennari velur annaðhvort hugtök tengd sögulegri jafnréttisbaráttu neðst í verkefninu eða hugtök sem tengjast samfélagslegri umræðu um jafnréttismál og feminisma og prentar út fyrir nemendur.

## Tilbrigði



Nemendur fá bæði blöðin útprentuð og velja sér hugtök sem þau vilja vinna með og tengja saman.



## Hugtakalistar

Söguleg hugtök	Samfélagsleg hugtök	
1. bylgja feminisma	#MeToo	Kynvitund
2. bylgja feminisma	Druslugangan	Nauðgun
3. bylgja feminisma	Drusluskömm	Nauðgunarmenning
Feðraveldið	Eitruð karlmennska	Óumbeðnar nektarmyndir
Feminismi	Feminismi	Staðalmyndir
Kvennalistinn	Forréttindablinda	Trans
Kvennafrídagurinn	Hefndarklám	
Kynjakvóti	Hinseginfóbía	
Rauðsokkur	Hlutgerving	
Súffragettur	Karl	
Öfgar	Kona	
Glerþakið	Kvár	
Kosningaréttur	Kvenfyrirlitning	
Feðraveldi	Kyn	
Kynbundinn launamunur	Kynbundið ofbeldi	
Kynbundið ofbeldi	Kynfrelsi	
Mismunun	Kyngervi	
Þöggun	Kynhlutverk	
Jafnrétti	Kynjakerfi	
Fæðingarorlof	Kynremba	







# BYLGJUR BREYTINGANNA

---

## Markmið

---

- + Að kynast ólíkum bylgjum í kvennabaráttu síðustu alda.
  - + Að öðlast skilning á þeim samfélagslegu breytingum sem hafa áunnist í kvenréttindabaráttunni.
- 

## Verkefnalýsing

Í þessu verkefni kynnið þið ykkur jafnréttisbaráttu kynjanna í sögulegu samhengi. Þið ætlið að afla ykkur upplýsinga um ólíkar bylgjur femínismans og setja upp í „infograph“ eða tímalínu þar sem þið skrifið hnitmiðaðan texta um baráttuna í hverri bylgju, myndlýsið helstu áherslum og gerið grein fyrir einstaklingum sem voru áberandi í hverri bylgju fyrir sig.

Prófið að leita á netinu með leitarorðinu „infograph“ til að fá hugmyndir um ólíkar leiðir sem þið getið farið við útfærslu verkefnisins. Það eru líka til vefsíður þar sem hægt er að nálgast sniðmát sem nota má við gerð verkefnisins.

---

## Hafðu í huga

- + Um hvað snerist baráttan í þessari bylgju?
- + Hvaða samfélagslegu breytingar unnust með þessari bylgju baráttunnar?
- + Hvaða atburðir voru mikilvægir í þessari bylgju?
- + Hvaða aðilar voru áhrifamiklir í þessari bylgju?

## Verkfæri

- + Nettengd tölva

## Afurð

Infograph eða tímalína með upplýsingum og myndefni um hverja bylgju femínismans fyrir sig.

## Viðmið um árangur

- + Ég veit hvaða áherslur og baráttumál voru í forgrunni í ólíkum bylgjum femínismans.
- + Ég skil hvernig kvenréttindabarátta hefur knúið fram mikilvægar samfélagslegar breytingar í þágu jafnréttis.

## Hópastærð

Paraverkefni

## Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar,  
upplýsinga- og tæknimennt.

## Tímarammi

3-4 kennslustundir



# KYNNTU ÞÉR KONUNA

---

## Markmið

---

+ Að nemendur kynnist konum sem hafa átt mikilvægt framlag til aukinna kvenréttinda og jafnréttisbaráttu.

---

## Verkefnalýsing

Í þessu verkefni velur þú þér eina konu eða hreyfingu kvenna sem hefur verið mikilvæg í sögu kvenréttinda- og jafnréttindabaráttu. Þú aflar upplýsinga um þessa baráttukonu og býrð til afurð þar sem þú kynnir hana fyrir samnemendum þínum. Þú hefur nokkuð frjálssar hendur með hvaða afurð þú skilar af þér en hafðu í huga að velja miðil sem er gagnlegur til að koma upplýsingum til skila um manneskju, lífshlaup hennar, baráttu, árangur og erfiði.

---

### Dæmi um konur sem þú getur valið að kynna þér eru:

- |                                |                     |                      |
|--------------------------------|---------------------|----------------------|
| + Emmeline Pankhurst           | + Marsha P. Johnson | + Tarana Burke       |
| + Emily Davison                | + Gloria Steinem    | + Beyoncé            |
| + Simone de Beauvoir           | + Waris Dirie       | + Hildur Lilliendahl |
| + Bríet Bjarnhéðinsdóttir      | + Madonna           |                      |
| + Ingibjörg Sólrún Gísladóttir | + Malala Yousafzai  |                      |

## Hafðu í huga

---

- + Hver er konan sem þú valdir að fjalla um?

---

- + Hvaða áhrif hafði konan sem þú ert að fjalla um á réttindi kvenna í heimalandi sínu eða heiminum öllum?

---

- + Var konan hluti af stærri hreyfingu? Segðu líka frá hreyfingunni.

---

- + Hvernig væri heimurinn í dag ef konan hefði ekki tekið slaginn?

---

- + Hvernig gætir þú nýtt þér aðferðir og hugmyndir konunnar til að bæta þitt nærumhverfi og líf?

---

## Verkfæri

- + Tölva eða snjalltæki með aðgangi að interneti.
- + Ýmis verkfæri, tæki og tól eftir því sem verkefni nemenda kalla á.

## Afurð

Nemendur velja afurð



## Hafðu í huga

- + Í verkefninu er sagt frá einni konu sem hefur verið áberandi eða mikilvæg í sögu feminisma og jafnréttisbaráttu.
- + Í verkefninu er mynd af persónunni sem þú valdir að fjalla um og myndir sem sýna baráttu hennar.
- + Í verkefninu eru helstu upplýsingar um líf og störf konunnar sem fjallað er um, helstu afrek, framlag en líka mótlæti og hindranir sem hún stóð frammi fyrir í baráttu sinni.
- + Í verkefninu kemur fram að minnsta kosti ein tilvitnun í konuna sem fjallað er um.
- + Í verkefninu kemur fram dæmi um áhrif sem afrek konunnar hafa á hversdagslegt líf nemenda.

## Hópastærð

Einstaklings-  
eða paraverkefni

## Námsgreinar

Íslenska (móðurmál), samfélags-  
greinar, upplýsinga- og tæknimennt.

## Tímarammi

4-6 kennslustundir



## KYNLEG KYNHLUTVERK

---

Á hverju heimili eru óteljandi verk sem þarf að vinna. Sumum þessara verka tekur þú virkan þátt í meðan önnur virðast einhvern veginn vera unnin án þess að þú takir eftir því hver vinnur þau. Sum verk sem unnin eru á heimilinu hefur þú jafnvel ekki hugmynd um að séu unnin eða einhver þurfi að huga að.

### Markmið

---

- + Að nemendur kynnist því hvernig kynhlutverk innan veggja heimilisins hafa þróast í gegnum árin.
  - + Að nemendur þjálfist í að skrifa texta þar sem beinni ræðu er breytt í óbeina.
-

---

## Verkefnalýsing

---

1. Farðu í gegnum þessar spurningar og svaraðu þeim fyrir þig.
- 

Hver sér um þig?

---

*Til dæmis:* Að gefa að þér að borða. Að skipuleggja frítíma þinn. Samskipti við skóla, kennara, þjálfara eða lækna. Að þú sinnir heimanámi. Að hugsa um þig þegar þú ert lasin/n.

Hver sér um tómsundurarnar?

---

*Til dæmis:* Að skrá þig á æfingar. Að passa að þú mætir á réttum tíma. Fjáraflanir fyrir ferðum.

Hver sér um mat og innkaup?

---

*Til dæmis:* Skipuleggja og sjá um matarinnkaup. Undirbúa matmálstíma. Útbúa nesti.

Hver sér um þrif?

---

*Til dæmis:* Ganga frá eftir kvöldmat. Fara út með ruslið. Vikuleg þrif.

Hver sér um þvottinn?

---

*Til dæmis:* Man eftir að setja í vél, hengja upp, setja í þurrkara, brjóta saman og ganga frá.

Hver sér um fjármál heimilisins?

---

*Til dæmis:* Passar að borga reikninga. Bókhald. Sparnað. Afborganir.

Hver sér um samskipti og frítíma fjölskyldunnar?

---

*Til dæmis:* Man eftir afmælum og að kaupa gjafir. Skipuleggur afmæli og hátíðisdaga. Passar að halda sambandi við fjölskyldu og vinafólk. Skipuleggur ferðalög. Á samskipti við foreldra vina þinna.



---

Hver sér um gæludýr?

---

*Til dæmis:* Passar að gefa gæludýrinu að borða. Kaupa gæludýramat. Labba eða leika við dýrið. Baða. Fara með til dýralæknis.

Stóra samhengið

---

Hvernig er verkaskiptingin á þínu heimili heilt yfir? Vissirðu um öll þessi verk sem eru unnin?

---

2. Taktu viðtal við eldri aðila úr fjölskyldu þinni eða nærumhverfi. Í viðtalinu byrjar þú á því að afla upplýsinga um manneskjuna, uppruna og uppvöxt, starf og áhugamál. Svo fjallar meginhluti viðtalsins um viðhorf hennar til kynhlutverka á heimilinu: Hvernig kynhlutverk voru þegar viðkomandi var að alast upp? Hvernig þau voru þegar manneskjan ól upp sín börn og hvernig hún telur hlutverkum vera háttáð í dag?
  3. Skrifðu svo viðtalið upp en gættu þess að umorða það sem viðmælandi þinn segir svo úr verði samfelldur texti eða frásögn en ekki endurtekning á beinni ræðu viðmælandans.
- 

## Hafðu í huga

---

- + **Undirbúningur.** Þú þarft að undirbúa viðtalið vel og útbúa góðar, opnar spurningar sem gefa viðmælendum þínum færi á að spjalla og segja frá frekar en að svara með aðeins einu eða örfáum orðum.
  - + **Viðtalið.** Takið viðtalið upp á hljóð eða myndband.
  - + **Úrvinnsla.** Þegar þú skrifar viðtalið þitt skrifaðu samfelldan texta þar sem þú notast við óbeina ræðu en ekki skrifa beint upp spurningarnar þínar og svör viðmælandans.
- 

## Verkfæri

- + Sími eða annað snjalltæki til að taka upp viðtalið.
- + Tölva, snjalltæki eða blað og skrifffæri til að skrifa spurningar og viðtalið sjálft.



## Afurð

Viðtal

## Viðmið um árangur

- + Ég átta mig á því að á heimilinu eru mörg verk sem þarf að vinna sem sum hver eru nánast ósýnileg.
- + Ég tók viðtal við eldri manneskju sem deildi með mér hugmyndum sínum um kynhlutverk á heimilinu og hvernig þau hafa þróast.
- + Ég skrifaði viðtal í samfelldu máli þar sem ég breytti beinni ræðu viðmælanda í óbeina ræðu.

## Hópastærð

Einstaklingsverkefni

## Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar,  
upplýsinga- og tæknimennt.

## Tímarammi

4 kennslustundir  
+ heimavinna (viðtal)



# STENST MYNDIN BECHDEL PRÓFIÐ?

---

## Markmið

---

- + Að nemendur ígrundi hvernig kynjahalli birtist í kvikmyndum.
  - + Að nemendur átti sig á hvernig kvikmyndir geta viðhaldið staðalmyndum um hlutverk karla og kvenna.
- 

## Verkefnalýsing

Hversu margar upphalds kvikmyndir átt þú? Vonandi að minnsta kosti eina. Í þessu verkefni munt þú að leggja lítið kynjafnréttispróf fyrir kvikmynd að eigin vali.

*Bechdel prófið* eru þrjár einfaldar spurningar eða skilyrði sem er ætlað að vekja athygli áhorfenda á kynjahalla og staðalmyndum í kvikmyndum. Ef myndin uppfyllir öll skilyrðin stenst hún prófið. Ef hún gerir það ekki fellur hún á prófinu.

---

Skilyrði Bechdel prófsins eru:

1. Í kvikmyndinni eru að minnsta kosti tvær nafngreindar konur.
2. Konurnar þurfa að eiga samtal í myndinni.
3. Samskiptin þurfa að snúast um eitthvað annað en karla.

Verkefnið þitt er að horfa á eina bíómynd með kynjagleraugum og kanna hvort hún standist öll þrjú skilyrði Bechdel prófsins. Ef myndin stenst ekki skilyrðin gefur það vísbendingu um að myndin viðhaldi úreltum hugmyndum um kynhlutverk.

## Hafðu í huga

- + Þegar þú setur fram verkefnið skaltu útskýra Bechdel prófið á einfaldan hátt: hvað það er, skilyrðin þrjú og hvað fólk geti lært af því.
- + Hvaða mynd valdir þú? Hvað fjallar hún um og af hverju valdir þú hana?
- + Hvaða skilyrðum féll myndin á? Öllum eða bara einu?
- + Ertu ósammála niðurstöðum prófsins?
- + Hvaða aðrar kvikmyndir hafa líka fallið á Bechdel prófinu?
- + Hvað kom þér á óvart? Eru færri myndir að falla á Bechdel prófinu?

## Verkfæri

- + Aðgangur að tölvu/snjalltæki með interneti.
- + Ein kvikmynd að eigin vali (eða fleiri!).
- + Aðgangur að efniviði til að setja fram niðurstöðurnar.

---

## Afurð

Niðurstöðurnar getur þú sett fram með fjölbreyttum og skapandi hætti; til dæmis á veggspjald (á pappír eða rafrænt), búið til glærुकynningu, með einnar blaðsíðu ritun, búið til hlaðvarpsþátt eða útskýringarmyndband. Ef þér dettur önnur útfærsla í hug skaltu ræða það við kennarann þinn.

Afurðina kynnr þú fyrir bekknum. Ef hægt er að hengja verkefnið upp á vegg er tilvalið að gera það svo aðrir geti fræðst um kynjajafnrétti í kvikmyndum.

## Viðmið um árangur

- 
- + Í verkefninu er ein bíómynd greind út frá stöðlum Bechdel prófsins.
- 
- + Niðurstöður eru settar sjónrænt fram svo aðrir geti séð.
- 
- + Í verkefninu kemur fram útskýring á Bechdel prófinu, og sagt frá hvort og hvernig ein bíómynd stóð eða féll á prófinu.
- 

### Hópastærð

Einstaklings  
eða paraverkefni

### Námsgreinar

Íslenska, erlend tungumál,  
samfélagsgreinar, upplýsinga-  
og tæknimennt.

### Tímarammi

2-4 kennslustundir í skóla  
auk áhorfs á kvikmynd  
að eigin vali heima.

## Tilbrigði

- 
- + **Skodið heildina:** Safnið saman niðurstöðum bekkjarins, skoðið þær í heild sinni og veltið fyrir ykkur hversu margar kvikmyndir standast Bechdel prófið og hversu margar falla á því. Veltið fyrir ykkur hvort fylgni sé á milli tegundar kvikmynda og útkomu á prófinu.
- 
- + **Takið málin í ykkar hendur:** Skrifnið bréf til kvikmyndahúsa, sjónvarpsstöðva, streymisveitna, Kvikmynda-sjóðs, menningarmálaráðherra eða þeirra sem þið teljið að gætu haft áhrif á að draga úr kynjahalla í kvikmyndum. Gerið grein fyrir niðurstöðum ykkar og hvetjið til að efnisval, framleiðsla og aðrar ákvarðanir séu teknar með kynjagleraugun á nefinu.
-



# NOKKUR ORÐ UM HINSEGINLEIKANN

---

## Markmið

---

- + Að nemendur kynnist hugtökum sem tengjast kynvitund og kyntjáningu.
  - + Að nemendur velti fyrir sér mögulegu misrétti sem kynsegin fólk mætir í hversdagslífinu.
  - + Að nemendur þjálfist í beitingu orðaforða sem tengist hinseginleikanum.
- 

## Verkefnalýsing

Kennarinn les þessa sögu fyrir ykkur. Eftir það vinnið þið þrjú verkefni.

*Logn er 14 ára stálp sem býr í Seljahverfi í Reykjavík. Hán er í 9. bekk í Seljaskóla og er í bekk með 12 strákum og 11 stelpum. Þegar Logn var yngri var hán álitið einn af strákunum í bekknum en um 12 ára aldur sagði Logn foreldrum sínum frá því að hán upplifði sig hvorki sem strák né stelpu. Hán fannst*

---

Það svolítið erfitt því einu sinni var trans strákur í skólanum háns sem var mikið strítt. En sem betur fer tóku foreldrar Logns fréttunum vel og sögðu, með leyfi háns, kennurunum í skólanum frá því að Logn upplifði sig hvorki vera strák né stelpu. Kennararnir í skólanum sögðu Logni að hán mætti ráða því sjálfst hvenær hán vildi að bekkurinn frétti af þessu og áður en bekkurinn fór í Reykjaskóla sagði Logn bekknum frá því að hán væri kynsegin.

Krakkarnir í bekknum tóku þessu mjög vel en margir spurðu Logn spurninga sem hán átti erfitt með að svara. Það fannst háni frekar óþægilegt því það var margt sem hán hafði ekki hugsað út í að gæti orðið flókið og erfitt. Hán fór að hugsa um það hversu mikið allt samfélagið okkar væri miðað við einungis tvö kyn.

Þegar Logn varð 13 ára gat hán farið í hinsegin félagsmiðstöðina þar sem hán hitti fleiri krakka sem voru ekki sískynja, bæði trans stráka og -stelpur en líka aðra kynsegin krakka og sískynja krakka sem voru ekki gagnkynhneigð. Flest áttu þau það sameiginlegt að hafa mætt alls kyns hindrunum og mótlæti í hversdagslífinu. Þau voru öll sammála um að þau skyldu taka höndum saman og berjast fyrir betri heimi fyrir allt hinsegin fólk.

Logn gleðst yfir því að viðhorf fólks í garð hinsegin fólks séu að breytast til hins betra, enda finnst háni það mikilvægt að komið sé fram við hán eins og aðra. Hán hefur líka tekið eftir því að dregið hefur úr mörgum þeirra hindrana sem hán mætti fyrst eftir að hán kom út þótt enn þá sé vissulega langt í land.

- 
1. Ræðið í 3–5 manna hópum spurningarnar í „**Hafðu í huga**“. Kennarinn ræður hvort þið takið umræðurnar upp eða hvort þið gerið grein fyrir niðurstöðum ykkar innan bekkjarins.

---

  2. Vinnið með kynsegin orð.
    - a. Fallbeygið orðin **hán**, **stálp** og **kvár**.
    - b. Skrifid eina setningu eða málsgrein með hverju orði

---

  3. Skoðið vefinn [otila.is](http://otila.is) og veljið ykkur 4–6 orð eða hugtök sem þið þekkið ekki til að kynna ykkur og útskýra fyrir bekknum ykkar.
-

---

## Hafðu í huga

Þetta eru nokkrar af spurningunum sem Logn fékk frá krökkunum í bekknum:

- 
- + Í hvaða klefa myndi Logn að fara í sundlauginni?

---

  - + Hvort myndi Logn keppa með strákaliðinu eða stelpuliðinu í árlegu skotboltakeppninni í skólanum?

---

  - + Ætti Logn að gista á stelpu- eða strákaganginum í Reykjaskólaferðinni?
- 

Hvernig mynduð þið svara þessum spurningum? Eru fleiri spurningar sem vakna um aðstæður Logns? Getið þið ímyndað ykkur fleiri aðstæður þar sem kynjatvíhyggjan birtist og kynsegin fólk verður fyrir öræreiti?

### Til kennara:


Spurningarnar til nemenda hér fyrir ofan geta reynst mörgum snúnar og við þeim er ekki alltaf eða allstaðar einfalt svar. Þær eiga þó að beina athygli nemenda að hindrunum og öræreiti sem fólk sem skilgreinir sig utan kynjatvíhyggju (hvorki sem kvenkyns eða karlkyns) mætir á mörgum stöðum. Þessar hindranir eru tilkomnar vegna þess að samfélagið gengur út frá því að fólk sé annaðhvort karl eða kona.

Í sundlauginni gæti Logn mögulega farið í þann klefa sem háni líður best með að fara í og sumir sundstaðir eru með kynlausa klefa. En spurningin bendir á að ákveðinn hópur kemst ekki greiðlega í sund og aðgengi fyrir alla að almenningsstöðum eins og sundlaugum er mikilvægt jafnréttismál.

Í skotboltakeppninni gæti Logn keppt í því liði sem háni líður best með að spila í. Betra væri þó að hafa annarskonar lið en stráka- og stelpulið. Það væri til dæmis hægt að raða í lið eftir stafrófsröð, áhugasviði, fjölda systkina, uppáhalds pizzuáleggi eða bara hverju sem er.

Í Reykjaferðinni gæti Logn fengið sérherbergi eða, eins og áður, sofíð á þeim gangi sem háni líður best með. En best væri auðvitað að skólinn og skólabúðirnar myndu leggja sig fram um að stíga skref inn í breytta tíma með því að finna aðrar leiðir til að skipta nemendum upp en út frá tveimur kynjum.





## Verkfæri

- + Tölva eða snjalltæki, pappír, skriffæri

## Afurð

Þátttaka í umræðum, málfræðiverkefni, kynning á hinsegin orðaforða.

## Viðmið um árangur

- 
- + Ég tók virkan þátt í umræðum um söguna sem kennarinn las fyrir okkur.
- 
- + Ég fallbeygði kynsegin orðin rétt og skrifaði setningar þar sem þau komu rétt fyrir.
- 
- + Ég kynnti mér fleiri orð tengd hinseginleikanum og sagði bekknum frá uppgötvunum mínum.
- 

## Hópastærð

3-5 manna hópar

## Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar (lífsleikni).

## Tímarammi

2-3 kennslustundir

## Tilbrigði

[Lesið og ræðið þessa frétt af mbl.is.](#)



# RANNSAKAÐU NÁMSEFNIÐ

---

## Markmið

---

- + Að nemendur átti sig á hvernig kynjahalli og staðalímmyndir birtast í námsefni.
- 

## Verkefnalýsing

Í þessu verkefni fáið þið í hendurnar námsefni frá ýmsum tímum og rannsakið það með kynjagleraugum. Í 3-4 nemenda hópum greinið þið námsbækur í einu fagi og útbúið kynningu fyrir bekkinn þar sem þið gerið grein fyrir niðurstöðum ykkar.

## Hafðu í huga

Leitist við að svara þessum spurningum í verkefninu ykkar. Þið getið svo að sjálfsgöðu bætt fleiri hugleiðingum við ef þær vakna.

---

### Almennt:

---

Hverjir eru höfundar námsefnisins?

Frá hvaða ári er námsefnið?

Eru strákar að gera „strákalega“ hluti?

Eru stelpurnar að gera „stelpulega“ hluti?

Eru einhverjir hinsegin einstaklingar sýndir í bókunum?

Eru einhverjir litaðir einstaklingar sýndir í bókunum?

Eru einhverjir einstaklingar með fötlun sýndir í bókunum?

Sýna bækurnar staðalímyndir?

---

### Íslenska:

---

Hverjir eru höfundar textanna í bókunum?

Hvað sýna myndirnar í bókunum?

---

### Stærðfræði:

---

Um hvað fjalla orðadæmin?

Sýna þau staðalímyndir?

---

### Samfélagsgreinar:

---

Sögur af hverjum eru sagðar í sögukennslubókunum?

Væri á einhvern hátt rangt að fjalla meira um konur í sögukennslubókum?

Hvað sýna myndirnar í bókunum?

Er eitthvað fjallað um jafnréttismál?

---

### Náttúrufræði (kynfræðsla):

---

Hvernig er fjallað um samskipti kynjanna?

Hvernig er talað um kynhegðun og kynlíf?

---

### Náttúrufræði (kynfræðsla):

---

Er talað með ólíkum hætti til kynjanna?

Hvernig er fjallað um kynhneigð?

Hvernig er fjallað um kynvitund?

Birtast staðalmyndir í umfjöllun um ólík kyn eða kynhneigð?

---

### Enska og danska:

---

Eru kynin sýnd með ólíkum hætti í enskukennslu- og dönskukennslubókum?

Birta bækurnar okkur staðalmyndir af fólki af ákveðnu þjóðerni?

---

### List- og verkgreinar:

---

Hverjir eru höfundar laganna í tónmenntabókunum?

Birtast staðalímyndir í heimilisfræðibókunum?

Eftir hverja eru listaverkin í listasögukennslubókunum?

---

### Eftir að hafa rýnt í allar bækurnar:

---

Hvaða breytingar hafa átt sér stað í námsefninu í gegnum árin?

Hvers vegna eru þessar breytingar mikilvægar?

Hvernig gætu námsefnisframleiðendur gert betur?

---

## Verkfæri

+ Kennslubækur í ýmsum námsgreinum frá ýmsum tímum.

+ Tölva eða snjalltæki.

## Afurð

Glærukynning



## Viðmið um árangur

Í kynningunni okkar kemur fram:

- + Stutt greining á hverri bók út frá spurningunum í Hafðu í huga.
- + Hvaða breytingar hafa orðið á birtingarmyndum kynjanna í námsbókum.
- + Hvers vegna breytingarnar eru mikilvægar.
- + Hugleiðing frá hópnum um leiðir til úrbóta.

### Hópastærð

5 hópar. Fjöldi nemenda í hóp fer eftir bekkjarstærð.

### Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar, upplýsinga- og tæknimennt.

### Tímarammi

4-6 kennslustundir

## Undirbúningur

Kennari þarf að finna námsbækur frá ýmsum tímum í námsbókasafni skólans. Mikilvægt er að bækurnar séu ekki færri en fjöldi nemenda í hópnum en helst fleiri.



# ÖGRAÐU KYNJAKERFINU

---

## Markmið

---

+ Að nemendur ögri kynjakerfinu og óskráðum viðmiðum um karlmennsku, kvenleika og kyngervi.

---

## Verkefnalýsing

Í þessu verkefni framkvæmir þú litla félagslega tilraun þar sem þú ögrar hefðbundnum viðmiðum um **kvenleika** og **karlmennsku**. Í eina viku prófar þú að ögra kynjakerfinu með einum eða öðrum hætti, í útliti og hegðun. Hér að neðan koma ýmsar hugmyndir um þær leiðir sem þú notar til að prófa að fara út fyrir þægindasvæðið þitt. Sumir nemendur eru nú þegar búnir að stíga mörg skref í átt að eigin kyngervi og jafnvel kynvitund en öll getum við fundið leiðir til að ögra hegðun okkar og atferli.

---

Við lok vikunnar segir þú kennara þínum og samnemendum frá þinni tilraun, reynslunni og viðbrögðum annarra (jákvæðum og neikvæðum) og ræðir við bekkjarfélaga um tilraunir þeirra.

---

### Ögraðu útlitinu!

#### **Klæðaburður**

Hvað eru hefðbundin stráka- og stelpuföt? Eru einhverjar flíkur sem annað kynið notar frekar en hitt og eitthvað sem þykir skrýtið ef hitt kynið notar? Eru einhver efni eða litir sem annað kynið notar meira en hitt?

#### **Hárgreiðsla**

Hvernig er hefðbundin stráka- og stelpuhárgreiðsla? Er eitthvað sem strákar gera við hárið á sér sem stelpur gera alls ekki eða eitthvað sem stelpur gera sem strákar gera ekki?

#### **Önnur útlitseinkenni**

Er annað kynið líklegra en hitt til að nota andlitsfarða, skartgripi eða naglalakk? Er annað kynið líklegra en hitt til að nota krem eða setja efni í hárið á sér?

---

### Ögraðu atferlinu!

#### **Hegðun**

Hvernig reiknum við með að stelpur hegði sér? Hvað gera strákar sem stelpur gera ekki? Hefur það eitthvað með kyn að gera hver er með læti í skólastofunni? Hver segir hluti án þess að hugsa? Hver er rólegur og fer eftir fyrirmælum? Hver sýnir dónaskap?

#### **Samskipti**

Hvort eru stelpur eða strákar líklegri til að hrósa og sýna alúð? Er annað kynið líklegra en hitt til að gera grín að fólki eða gera lítið úr vinum sínum? Hver hvíslar fyrir framan aðra?


#### **Frístundir**

Eru strákar ólíklegir til að æfa einhverjar ákveðnar íþróttir? Hver er líklegastur til að æfa ballett og hver MMA? Hver leikur byssuleiki og hver dansleiki?

---

## **Hafðu í huga**

Í verkefninu eru nemendur hvattir til að fara út af þægindasvæðinu sínu. Það er mikilvægt að nemendur fari ekki út á örvæntingarsvæðið sitt þótt þau séu að prófa sig áfram með að sýna hegðun og atferli sem ekki telst hefðbundið eða þau eru óvön.



---

### Þægindasvæðið

Á þægindasvæðinu er fengist við hluti sem okkur líður vel með og fylla okkur öryggi. En þar eigum við líka við atriði sem ögra okkur ekki.

---

### Teygjusvæðið

Á teygjusvæðinu er fengist við það sem ögrar okkur. Við prófum nýja hluti, lærum eitthvað nýtt og fáum nýja sýn á sjálf okkur og lífið.

---

### Örvæntingarsvæðið

Á örvæntingasvæðinu er glímt við það sem fyllir okkur ótta og örvæntingu. Við verðum hrædd, pirruð, stressuð, uppgefin og líður ekki vel.

## Verkfæri

+ Hugmyndaflug nemenda, kjarkur og þor.

## Afurð

Nemendur segja kennara og samnemendum frá tilrauninni í bekkjarumræðum.



---

## Viðmið um árangur

---

- + Ég þekki kynjakerfið og þær óskráðu reglur sem það setur um hegðun og útlit.
  - + Ég framkvæmdi tilraun sem miðaði að því að ögra reglum kynjakerfisins.
  - + Ég segi frá minni tilraun, upplifun minni af tilrauninni og lærdómi.
- 

### Hópastærð

Einstaklingsverkefni  
eða hópverkefni

### Námsgreinar

Íslenska, samfélagsgreinar.

### Tímarammi

Ein vika. 3 til 5  
kennslustundir.

## Undirbúningur

Frá því að við fæðumst eru okkur send skilaboð um það hvernig við eigum að líta út og hegða okkur. Ýmis atriði sem við álitum sjálfsgöð eru þó í raun hluti af því hvernig samfélagið mótar hugmyndir okkar t.d. um kyn og kynhlutverk. Á síðustu árum hafa alls kyns veggir og múrar verið brotnir þegar kemur að þessum atriðum en flestum þykir þó óþægilegt að fara út fyrir sitt kyngervi.

Kennari þarf að leiða nemendur í gegnum umræður um kynjakerfið og hvernig þær ósýnilegu reglur sem þar ríkjja hafa áhrif á kyngervi okkar, hegðun, áhugamál, hvernig við veljum að líta út og hverju og hverjum við hrífumst af. Þannig setur kynjakerfið okkur í ákveðin box – í raun alveg frá fæðingu. Það sem tengist körlum eða karlmennsku er gjarnan álitid jákvætt og nýtur virðingar meðan það sem er talið kvenlegt eða hluti af kvenleika er oft álitid veikara og minna virði. Manneskjur sem brjótast gegn þessum reglum fá mjög gjarnan fordómafull, neikvæð eða hatursfull viðbrögð.

Gott er að leiða nemendur í gegnum spurningarnar í Ögraðu útlitinu! og Ögraðu atferlinu! og aðstoða hópinn við að fá hugmyndir um hvernig þau geta ögrað hinum hefðbundnu kynhlutverkum.

Það getur líka verið gott að nota eftirfarandi dæmi sem kveikjur fyrir nemendur um leiðir til að ögra kynjakerfinu:

- + Drengir í Frakklandi gera tilraun til að ögra ríkjandi viðmiðum um klæðaburð með því að ganga í pílsum í skólann:
- + Þorsteinn Einarsson deilir reynslu sinni af því að ganga með naglalakk í eina viku.